

✉ Re: Deiliskipulag við Þorbjörn - beiðni um umsögn

Búið til	9.1.2023 16:15:26
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	9.1.2023 16:15:25
Tilheyrir	📁 202211-0037 - Deiliskipulag við Þorbjörn - beiðni um umsögn

Efni

Re: Deiliskipulag við Þorbjörn - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	9.1.2023 16:15:25	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0037 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og umhverfissviði Grindavíkurbæjar, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta deiliskipulagstillögu fyrir útivistarsvæðið á og í kringum Þorbjörn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillögunu. Jákvætt er að unnið sé að því að festa í sessi skipulagði innviði fyrir útivist á svæðinu, þannig má koma í veg fyrir óþarfa rask og bæta aðgengi.

Skilgreindir eru allmargir slóðar, með misjafnt hlutverk. Jákvætt er að stefnt sé að því að fækka slóðum og stýra betur umferð.

Eitt af viðfangsefnunum er skilgreining á skógræktarsvæði. Á uppdrætti tillögunnar má sjá tvö skilgreind skógræktarsvæði sem eru þau sömu og í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skógrækt í suðurhlíðum Þorbjarnar er skammt á veg komin og veitir aðalskipulagið heimild fyrir allt að 5 hektara svæði fyrir skógrækt þar, sambærilegt að stærð og í Selskógi norðan Þorbjarnar þar sem skógrækt hefur verið um alllangt skeið. Ekki er fjallað frekar um hvernig skógræktin verður skipulögð á svæðunum en afmörkun skógræktarsvæða á deiliskipulagsuppdrætti gerir ráð fyrir mun stærri svæðum en þeir 5 hektarar sem aðalskipulagið veitir heimild fyrir. Útskýra þarf betur hvernig þetta verður útfært.

Þorbjörn er á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta) vegna jarðminja og landslags. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að stíga varlega til jarðar varðandi skógrækt á svæðum þar sem jarðminjar hafa hátt verndargildi m.a. hraunmyndanir, ekki síst vegna áhrifa á ásýnd þeirra. Val á tegundum skiptir einnig máli í þessu samhengi. Einnig ætti að vinna gegn útbreiðslu alaskalúpínu sem er nokkuð útbreidd sunnan við Þorbjörn sérstaklega. Lúpínan getur rýrt verndargildi hrauns sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "hes" <hes@hes.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>;

"Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Ríkiseignir - FSRE" <rikiseignir@fsre.is>; "Daniel"

<daniel@reykjanesgeopark.is>; "HS Orka" <hsorka@hsorka.is>; "Ásbjörn Blöndal" <asbjorn@hsorka.is>;

"palmar" <palmar2@hotmail.com>; "info@bioeffect.is" <info@bioeffect.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Íris Gunnarsdóttir" <iris@grindavik.is>

Subject: Deiliskipulag við Þorbjörn - beiðni um umsögn

Date: 24.11.2022 09:56:56

Sæl/sæll,

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti á fundi sínum þann 25 október 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir útivistarsvæðið á og í kringum Þorbjörn. Deiliskipulagssvæðið liggur að deiliskipulagi Svartsengis og er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um útivistarsvæðið og hvernig viðhalda og uppbygginu skuli háttað.

Deiliskipulagstillagan er auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynningargögn vegna skipulagsins má nálgast hér (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.grindavik.is%2Fv%2F26118&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C281184fcae4545a9c52008dace0237d6%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638048806164765740%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBtIl6lk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=k6buORbga8oh%2FeelA2UGPi%2BxO2XhnG3KsJdd9He1MdA%3D&reserved=0>) en þau samanstanda af uppdretti og greinargerð. Þá má nálgast gögnin í afgreiðslu á bæjarskrifstofu

Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62 (2. hæð) frá kl. 8.00 til 15.00 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 9.30 til 15.00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Tillagan eru í auglýsingu frá og með 30.

nóvember 2022 til og með 11. janúar 2023.

Óskað er eftir umsögn frá ykkur og að hún berist eigi síðar en 11. janúar 2023.

Kveðja,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Head of planning and environment



Grindavíkurbær

Víkurbraut 62 | 240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100 & 898 2854

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust



Grindavíkurbær

Víkurbraut 62 | 240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100 & 898 2854

Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.grindavik.is%2Ffyrirvari&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C281184fcae4545a9c52008dace0237d6%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638048806164765740%7C>

<http://www.grindavik.is/fyrirvari>)

nknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=623d7bC3XFkavRYj37Akl6XiGoGmzre%2BHfOgxfWjQo%3D&reserved=0)